

**L Ö G****um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 1500 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

**L Ö G****um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1980 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

**2. gr.**

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og auk þess á bönkum og innlánsstofnunum.

**3. gr.**

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1979 á þeirri fasteign, sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádrögnum afgangskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.